



almannaheill
samtök þriðja geirans

Stefán Skjaldarson, sviðsstjóri álagningasviðs
Embætti Ríkisskattstjóra
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2022

Athugasemdir um framkvæmd laga um félög til almannaheilla og skattlagningu almannaheillasamtaka

Almannaheill, samtök þriðja geirans, vilja með þessu bréfi koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi framkvæmd laga um félög til Almannaheilla og ákvæða annarra laga um skattlagningu almannaheillasamtaka. Almannaheill láta sig þessa lagasetningu miklu skipta—þau fagna henni og þeim tækifærum hún opnar til öruggari starfsemi og rýmri fjárhags almannaheillasamtaka. Lagasetningin mun því hafa veruleg áhrif á þriðja geirann á komandi árum.

Almannaheill hafa frá gildistöku þessara laga fyrir ári síðan staðið fyrir kynningum og umræðum um hinar nýju lagareglur, m.a. á opnum fundum og í viðræðum við ýmsa aðila málsins, ekki síst 43 aðildarsamtök sín, sem hafa innan sinna vébanda á annað hundrað þúsund félagsmenn. Þau atriði sem vakin verður athygli á hér á eftir hefur borið á góma í umræðunum. Von okkar er sú að þessar ábendingar skerpi umræðuna og nýtist Skattinum við að finnstilla framkvæmd laganna.

Skatturinn gegnir lykilhlutverki við árangursríka framkvæmd nefndra laga, enda heldur stofnunin ekki aðeins utan um skattlagningu almannaheillasamtaka og styðjenda þeirra, heldur var stofnuninni með lögnum falin umsjón með færslu tveggja lykilskráa í þessu sambandi, almannaheillaskrár og almannaheillafélagaskrár. Ábendingarnar sem hér fylgja snerta einkum þessar skrár.

Almannaheill telja mikilvægt að sátt verði um framkvæmd þeirra lagaákvæða sem hér er vísað til. Samtökin hafa fengið ýmsar umkvartanir sem benda til þess að sú sátt sé ekki enn fyrir hendi. Því óskum við eftir samræðum um þessi atriði, skýringum á sumum en breytingum á öðrum. Samtökin líta svo á að gagnkvæmur skilningur og samkomulag um framkvæmd laganna komi bæði Skattinum og almannaheillasamtökum í landinu til góða.

Skráning á almannaheillaskrá: ágreiningur um öflun sértekna.

Fram hefur komið að ágreiningur hafi í nokkrum tilfellum orðið um skráningu á almannaheillaskrá vegna sértekna sem félögin afla. Spurningar hafa vaknað um hvort skattayfirvöld noti í þessum efnum þrengri skilgreiningar en gengið er út frá í tekjuskattslögum. Almennt er gengið út frá að félög megi stunda atvinnurekstur og afla sértekna innan þess ramma sem settur er í samþykktum þeirra og leiðir beint af því almannaheillahlutverki sem þau hafa sett sér og öllum tekjum sé varið til almannaheilla. Það skilyrði virðist einnig hafa komið fram að öllum ágóða félags sé varið innan ársins, frekar en að hann geti allt eins safnast upp innan félags og verið varið síðar, eins og algengt er. Skatturinn hefur í einhverjum tilfellum látið steyta á þessu við skráningu á almannaheillaskrá—spurningin er hvort Skatturinn geti verið sveigjanlegri í þessari túlkun sinni.



Túlkun á styrkjum og gjöfum: er réttlætanlegt að sumar gjafir komi ekki til frádráttar frá skatti vegna þess að gefandi er talinn hafa það eitthvað á móti gjöfunum—jafnvel þegar það sem kemur á móti er verðlaust eða nánast verðlaust. Hvað með minningargjafir og minningarkort?

Hér er ekki deilt um þá grundvallarreglu að frádráttarbærir styrkir og gjafir eigi að vera án endurgjalds í formi t.d. varnings eða atkvæðisréttar í félagi. En í sumum tilfellum má spyrja hvort í raun komi í raun eitthvað á móti styrkjum og gjöfum? Minningargjafir eru í raun gjafir til félaga; minningarkort eru nánast til málamynda—þau má í besta falli kalla fallega kvittun fyrir gjöfina en þau eru í sjálfu sér verðlaus. Er ekki með einfaldri breytingu á framkvæmd hægt að taka minningargjafir með sem frádráttarbærar gjafir eða styrki?

Undanþága frá greiðslu fjármagnstekjuskatts: er nauðsynlegt að skatturinn sé fyrst greiddur og síðan endurgreiddur ári síðar? Er ekki hægt að ganga þannig frá málum að bankar innheimti ekki skattinn af félögum á almannaheillaskrá?

Niðurfelling fjármagnstekjuskatts sem almannaheillasamtök eiga nú rétt á hefur ekki verið átt sér stað við staðgreiðslu, heldur hafa samtökin þurft að greiða skattinn fyrst en fá hann endurgreiddan ári seinna og þá á nafnverði. Ýmsir lögfróðir aðilar telja að samkvæmt lagaákvæðunum væri hægt að fella skattinn niður strax við staðgreiðslu; mætti ekki gera ráðstafanir gagnvart bönkum og fjármálafyrirtækjum þannig að sú yrði raunin, og spara með því óþarfa umstang og útgjöld?

Getur Skatturinn auðveldað að taka á móti/senda upplýsingar frá félögum um gjafir og styrki? Mætti gera það með fyrirfram forrituðu excel-skjali af vefsíðu Skattsins?

Almannaheillasamtök hafa kvartað yfir mikilli vinnu við að safna saman gögnum um gjafir og styrki og slá þau inn í sérstakt form Skattsins. Samtökin óska eftir að fá í staðinn aðgang að excel-skjölum—sem væru útbúin með fyrirfram ákveðnum hætti—til að senda til Skattsins, líkt og algengt er í sendingum til banka og sparisjóða.

Mætti lagfæra leiðbeiningaskjöl og fyrirmyndir frá Skattinum til að forða því að þær gefi ófullnægjandi eða villandi upplýsingar?

Í samtölum við starfsmenn skattsins hafa Almannaheill gert athugasemdir við nokkur skjöl sem eiga að vera til leiðbeiningar fyrir þá sem ætla að skrá sig á almannaheillaskrá eða almannaheillafélagaskrá. Í samtölunum hafa starfsmennirnir sagt að skjölin eigi aðeins að skoða sem dæmi að fyrirmyndum, t.d. varðandi samþykktir félaga; þetta hefur valdið misskilningi og þyrfti að okkar mati að lagfæra.

Eitt dæmið er að í leiðbeingum Skattsins er gengið út frá að almanaksárið sé reikningsár almannaheillasamtaka, þegar sum almannaheillasamtök hafa annað rekstrarár, eftir árstíðabundum sveiflum í starfsemi þeirra, eins og hentar þeim betur og viðgengist hefur í samræmi við bókhaldslög. Annað dæmi um slíkar leiðbeiningar er úr fyrirmyndum að samþykktum um stjórnarkjör, en þar segir: "Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 mönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig skal kjósa 1-8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar." Þetta er á skjön við fyrirkomulag í mörgum samþykktum félaga. Þau hafa sett varnagla í samþykktir sínar sem koma í veg fyrir skyndilegar hallarbyltingar eða yfirtökur félaga; því hafa þau mörg valið að kosið sé til helmings stjórnar í einu á aðalfundi, en til hins helmingsins á næsta aðalfundi. Ekkert í lögum virðist mæla gegn slíku fyrirkomulagi; hins vegar geta



almannaheill
samtök þriðja geirans

slíkar fyrirmyndir gefnar út af Skattinum valdið óvissu og ruglað samtök í ríminu varðandi það sem er æskilegt og gilt.

Mætti styrkja upplýsingaflæði á milli félaga, einstaklinga og Skattsins varðandi gjafir á skattárinu?

Skattgreiðendur velta því eðlilega fyrir sér hvort upplýsingar um styrki þeirra og gjafir berist til Skattsins með tryggum hætti til forskráningar á skattframtöl. Efasemdir um að nægilega vel hafi til tekist í þeim efnum í fyrsta skipti. Almannaheill vilja varpa þeirri hugmynd fram að framteljendum verði gefin tækifæri til að leiðrétta slíkar skráningar á skattframtölum—t.d. með því að leggja fram kvittanir fyrir gjöfum. Einnig mætti að okkar mati birta með meira áberandi hætti hvaða almannaheillasamtök eru á almannaheillaskrá á hverjum tíma.

Mætti fresta endurnýjun skráninga á almannaheillaskrá sem á að verða 2023?

Nú lítur út fyrir að um 400 almannaheillasamtök séu komin á almannaheillaskrá ársins 2022. Hefur þeim fjölgað verulega eftir því sem liðið hefur á árið. Tilkynnt hefur verið að þau þurfi öll að endurnýja skráningu sína í febrúar 2023—þegar mörg þeirra hafa aðeins verið á skrá í nokkra mánuði. Er hægt að fresta þessari endurnýjun á meðan frekari reynslu er aflað á þessu skattalega fyrirkomulagi? Væri ennfremur hægt að hafa endurnýjun skráningar mun einfaldari en fyrstu skráningu?

Almannaheill láta þá von í ljós að ábendingarnar hér að ofna verði teknar til alvarlegrar athugunar fyrir lok þessa skattaárs, þannig að taka megi tillit til þeirra við framtal og álagningu skatta á árinu. Verði það látið bíða er hætta á að vankantar á fyrstu framkvæmd lagabreytinganna festist í sessi. Við gerum okkur grein fyrir að framkvæmdin fyrir ári síðan fór fram undir nokkurri tímapressu, enda voru löggin ekki samþykkt fyrr en komið var fram á sumarið 2021, og teljum því eðlilegt að framkvæmdin verði skoðuð með gagnrýnum hætti í ljósi reynslunnar.

Almannaheill lýsa sig reiðubúin til frekari skoðanaskipta við Skattinn um breytingar sem væru til bóta við framkvæmd laganna.

Virðingarfyllst,
f.h. Almannaheilla, samtaka þriðja geirans

Jónas Guðmundsson formaður

Afrit sent: Skúla Eggert Þórðaryni ráðuneytisstjóra í menningar og viðskiptaráðuneytinu og Helgu Jónsdóttur skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.